

AUGLÝSING

frá Sveitarfélaginu Ölfusi um afgreiðslu á deiliskipulagi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar iðnaðarsvæði I2, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Ölfuss 26. nóvember 2009 deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði I2, Þorlákshöfn. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Við endurauglýsingu er gerð sú breyting að settur er inn byggingarreitur við Unubakka 26-28, Lýsi hf., til að byggja tvo þvottarna, allt að 14 m á hæð. Einnig að byggingarmagn á lóð fari ekki yfir 0,50.

Skipulagssvæðið afmarkast af opnu óbyggðu svæði að norðan, Óseyrarbraut að austan, nýrri götu að vestan hér nefnd Vesturbakki og um Skarfasker og lóð Lýsis hf. Svæðið fellur vel að markmiðum aðalskipulags Ölfuss 2002-2014 en þar er lögð áhersla á gott framboð iðnaðarlóða og er Bakkahverfið talið upp sem helsta svæðið fyrir iðnaðaruppbyggingu þar sem uppistaða iðnfyrirtækja er í dag. Nýtingarhlutfall á þessu svæði er skilgreint sem 0,2-0,5 og fellur tillagan vel að því markmiði.

Skipulagið nær til lóðanna Unubakka 21, 23, 24, 25, 26-28, 32A, 32B, 34, 36, 38, 40, 42-44, 46, 48 og 50. Lóðarhöfum er bent á að breyting verður á númerum húsa við deiliskipulagsbreytinguna, til að samræma húsnúmerin við götuna. Við norðurenda svæðisins er Hlíðarendavarða, en gæta skal við framkvæmd innan svæðis, að hún verði ekki fyrir skemmdum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 7. júlí 2010.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2010